

GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR

Gleðimenn, gleðimeyjar og Gleðikvennafélag Vallahrepps

Um sögu nokkurra *gleði*-orða
og endurheimt orðsins *gleðikona*

Inngangur

Á undanförunum áratugum hafa orðin *gleðimaður* og *gleðikona* oft verið tekin sem dæmi um misræmi í merkingu orða um karla og konur.¹ Dæminu er ætlað að sýna að orð, sem búast mætti við að hefðu sambærilega merkingu, hafi það ekki í raun og orðið um konuna hafi neikvæðari merkingu en orðið um karlinn. Þetta orðapar hefur bæði komið fyrir í fræðilegum skrifum, kennslu og fjölmiðlaumræðu, og rithöfundar hafa leikið sér að merkingarmuninum, t.d. Steinunn P. Hafstað í ljóðinu „Gleði“:

(1) Þegar við hittumst
er gleðin slík,

að í mínum huga
ertu gleðimaður.

En dettur þér einhverntíma í hug
að ég sé gleðikona?²

¹ Þessi grein er byggð á samnefndum fyrirlestri sem fluttur var á 32. Rask-ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands sem fram fór í Þjóðminjasafninu 27. janúar 2018. Ég þakka áheyrendum gagnlegar umræður og ritstjórum *Ritsins* og ónafngreindum yfirlesurum vandaða ritrýni.

² Steinunn P. Hafstað, „Gleði“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. júní 2006, bls. 14.

Stundum er rætt um merkingu þessara orða, *gleðimaður* ‘fjörugur maður, samkvæmismaður’ andspænis *gleðikona* ‘vændiskona’, eins og misræmið sé merki um mismunun.³ Jafnframt eru þess dæmi að konur hafi lýst vilja til að vinna gegn neikvæðri merkingu orðsins *gleðikona* og gera hana hliðstæða merkingu orðsins *gleðimaður*.

Saga orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* er hins vegar margslungnari en hin einfalda mynd af samkvæmismanni og vændiskonu gefur til kynna. Hér er ætlunin að gera henni skil og kynna jafnframt allmörg önnur samsett orð með *gleði-* sem fyrri lið sem hafa verið mynduð og notuð um karla og konur. Þau orð eru ekki auðfundin í orðabókum og ekki áberandi í þjóðfélagsumræðu eða umfjöllun málfræðinga. Markmiðið með könnuninni á dæmum um þessi *gleði-*orð var að leita svara við því hvort orðin um karla væru almennt hlutlausrar merkingar eða notuð sem hrósyrdi en kvennaorðin notuð á niðrandi hátt. Í ljós kom að það er ekki einhlítt.

Auk þess verður fjallað um eðli þeirra málbreytinga sem *gleði-*orðin hafa orðið fyrir. Annars vegar verða breytingarnar greindar með hefðbundnum hugtökum sögulegra málvísinda um merkingarbreytingar og lántöku. Hins vegar verða orðin skoðuð í ljósi flokkunar Lars-Gunnars Andersson á svokölluðum „ljótleika“ orða. Jafnframt verður saga orðsins *gleðikona* sett í samhengi við baráttu fyrir málbreytingum af jafnréttisástandum. Þar sem flokkun Anderssons hefur áður verið beitt á orð um samkynhneigða verður ekki aðeins vikið að málstýringu í kvennabaráttu, heldur einnig drepíð á baráttu samkynhneigðra gegn gildishlaðinni notkun orðanna *hommi* og *lesbía*.

Gleðimenn af báðum kynjum

Aldur íslenska orðsins *gleðikona* er ekki þekktur með vissu. Í orðabók Árnanevndar á vefnum, sem birtir dæmi úr fornum lausamálstextum, er orðið *gleðikona* ekki að finna.⁴ Þar eru hins vegar 25 færslur með orðinu *gleðimaður* þar sem m.a. má sjá sýnishornin í (2).

(2) a. Hann var **gleðimaður** mikill ok hendi at mörqu gaman.⁵

³ Hér vísa ég ekki síst til umræðna nemenda í kennslu minni í Háskóla Íslands en þar sveigist talið oft að kynjamismunun þegar þetta dæmi er nefnt.

⁴ *Ordbog over det norrøne prosasprog / Dictionary of Old Norse Prose*, Københavns Universitet, sótt 18. mars 2018 af <http://onp.ku.dk>.

⁵ *Víga-Glúms saga í Íslensk fornrit IX*, útg. Jónas Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1956, bls. 81¹⁵.

- b. Þorfinnr var hýbýlaprúður ok **gleðimaður** mikill; vildi hann ok, at aðrir menn væri glaðir⁶
- c. Magnús konungur var léttlátr ok leikinn, **gleðimaður** mikill ok kvinna-maðr mikill.⁷

Athygli vekur að í þremur tilvikum er orðið *gleðimaður* notað um konu:

- (3) a. Kona sú fór þar um herað, er Oddbjörg hét, **gleðimaður**, fróð ok framsýn.⁸
- b. Álfr átti konu, er Bera hét, kvinna fríðust ok skörungur mikill, **gleðimaður** inn mesti.⁹
- c. En Friðgerður var eptir ok þótti vera kona sœmilig ok allmikill **gleðimaður** ok samði sik mjök í háttum með ungum mönnum ok var verkmaður mikill ok umsýslumaður.¹⁰

Af þessum dæmum má ráða að orðið *gleðimaður* hafi á fyrri öldum verið notað um konur jafnt sem karla og kvenlýsingarnar þrjár benda við fyrstu sýn til þess að það hafi þótt heldur lofsamlegt að teljast til gleðimanna. Merkingarskilgreiningar fornálsorðabóka nefna konur ekki sérstaklega og sumar gefa í skyn að aðeins sé átt við karlmann („Mand, der gjerne tager Deel i Lystigheder, lystig Mand“,¹¹ „a cheery man“).¹² Orðabók Fritznars vísar hins vegar bæði í karla- og kvennadæmi og skýringin „Ynder af Munterhed og Lystighed“ á ekki eingöngu við karla.¹³

Þessi notkun orðsins *gleðimaður* um bæði kynin er augljóslega í samræmi við það að í fornu máli merkti no. *maður* bæði „Menneske uden hensyn

⁶ Grettis saga Ásmundarsonar í *Íslenzk fornrit VII*, útg. Guðni Jónsson, Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1936, bls. 57¹.

⁷ *Heimskringla: Noregs konunga sögur af Snorri Sturluson III*, útg. Finnur Jónsson, København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1893–1900, bls. 484¹⁸.

⁸ Víga-Glúms saga í *Íslenzk fornrit IX*, bls. 41⁵.

⁹ *Heimskringla: Noregs konunga sögur af Snorri Sturluson I*, bls. 38¹².

¹⁰ Ljósvetninga saga í *Íslenzk fornrit X*, útg. Björn Sigfússon, Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1940, bls. 65¹¹.

¹¹ Erik Jonsson, *Oldnordisk Ordbog*, Kjöbenhavn: Det kongelige nordiske oldskriftselskab, 1863, bls. 176.

¹² Richard Cleasby og Gudbrand Vigfusson, *An Icelandic-English Dictionary*, 2nd ed. with a supplement by Sir William A. Craigie, Oxford: At the Clarendon Press, 1957, bls. 203.

¹³ Johan Fritzner, *Ordbog over Det gamle norske Sprog*, Første Bind, Omarbeidet, forøget og forbedret Udgave, Kristiania: Den norske Forlagsforening, 1886, bls. 609.

til Kjøn“ og „Mand, Mandsperson, mods. *kona*“.¹⁴ Hin almenna, ókynbundna merking orðsins er raunar talin fyrst í orðabók Fritznars og sýnd með dæmum, og fjölda slíkra dæma má sjá í orðabók Árnaneftndar.¹⁵ Orðið *maðr* var nefnilega og er eitt margra karlkynsorða um fólk og aðrar lifandi verur sem hafa gegnt tvenns konar merkingarhlutverki. Þau hafa annars vegar verið ókynbundin, t.d. *vinur* í merkingunni ‘kær félagi’ í setningunni *Jón og Gunna eru vinir*, og hins vegar verið bundin við karlkyns verur, t.d. orðið *vinur* í merkingunni ‘karlkyns vinur, kærasti’ (*Jón er vinur Gunnu* andspænis *Gunna er vinkona Jóns*).¹⁶

Fornmálsdæmin um orðið *gleðimaðr* sýna skýrt að það hefur verið í hópi fjölmargra nafnorða með síðari liðinn *-maðr* sem hafa verið notuð um bæði kynin. Ekki þarf að leita langt að hliðstæðum því að í brotinu úr Ljósvefninga sögu er Friðgerður einnig kölluð *verkmaðr* og *umsýslumaðr* (sjá (3)c.). Í seinni tíð er talað um að kona sé *leikmaðr* íþróttaliðs, mikill *námsmaðr*, góður *ökumaðr* og þess háttar, og nærtækt er að benda á að konur bera mörg starfsheiti sem enda á *-maðr* (*blaðamaðr*, *lögmaðr*, *þingmaðr* o.s.frv.). Segja má að orð sem lýsa geðslagi væru enn sambærilegri við orðið *gleðimaðr* en áðurnefnd orð, t.d. *ákafamaðr*, *fjörmaðr*, *hægletismaðr* og *rólyndismaðr*. Við þessi greinarskrif voru ekki tók á að leita skipulega að dæmum um slík orð, en ljóst er að a.m.k. sum þeirra hafa verið notuð um konur. Í Ólafs sögu helga var Ingibjörg Tryggvadóttir t.d. sögð *aftakamaðr mikill* (í öðru handriti *ákafamaðr mikill*). Fleirtölumyndir orða með *-maðr* hafa auk þess átt við kynjablandaða hópa. Til dæmis var sagt um afkomendur Hákonar jarls í Heimskringlu að öll sú ætt hafi verið „miklu fríðari en annat mannfólk, ok flest atgörvimenn miklir“. Á öllum tímabilum íslenskrar málsögu hafa einnig verið til orð með síðari liðinn *-kona* við hlið orða með *-maðr*; t.d. eru dæmi frá 13. öld og síðar um orðin *förumaðr* og *förukona*.¹⁷

¹⁴ Johan Fritzner, *Ordbog over Det gamle norske Sprog*, Andet Bind, 1891, bls. 617–618.

¹⁵ *Ordbog over det norrøne prosasprog*, sótt 24. september 2018 af <http://onp.ku.dk>.

¹⁶ Hin kynhlutlaus notkun karlkyns er talin skýrast af því að karlkyn tók við hlutverki samkyns þegar þriggja kynja kerfi indóevrópsku málaættarinnar varð til. Hún er m.ö.o. leif frá málstígi sem gerði ekki málfræðilegan greinarmun á karlkyni og kvenkyni. Sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur, „Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarneftndar“, *Glíman* 5/2008, bls. 103–134, hér bls. 107–108.

¹⁷ Sbr. fletturarnar *aftakamaðr*, *ákafamaðr*, *atgervimaðr*, *förumaðr* og *förukona* í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, sótt 28. september 2018 af <http://onp.ku.dk>.

Orðabækur um íslenskt nútímamál segja ekki alltaf berum orðum hvort samsett orð með *-maður* séu í raun notuð um bæði kynin. Þar sem orðið *maður* hefur ýmist vísað til karla eða verið ókynbundið má búast við að merkingarskýringarnar geti þótt óljósar. Þannig getur lesandi verið í vafa um hvort orðið *gleðimaður* hafi aðeins vísað til karla ef hann flettir upp í *Íslenskri orðabók* („1 fjörugur maður, samkvæmismaður 2 þátttakandi í gleði eða vikivaka“),¹⁸ eða *Íslenskri nútímamálsorðabók* („maður sem er fjörugur í samkvæmum“).¹⁹ Jafnvel þótt honum þættu skýringarnar á *gleðimaður* eiga fremur við karl en konu hefði hann ekki fengið úr því skorið hvort fleirtal- an *gleðimenn* hafi verið notuð um kynjablandaðan hóp.

Ekki eru þekkt dæmi um orðið *gleðikona* fyrr en á 18. öld en þá birtist það í kvæði eftir Eggert Ólafsson:

- (4) Gjöri gleði-konum
gautr eptir spaug,
heimskir það á honum
hofmanns kalla taug;
kompánligan halda hinn,
sem, hvörgi tregr, skálk og hvinn
að sèr dregr; orðin svinn
einginn vegr þaug.²⁰

Fyrri helming vísunnar mætti ef til vill skýra á þessa leið: ‘Ef maður gerir gys að gleðikonum kalla heimskir menn það kurteislega framkomu’ (*gautur* ‘hetja (hér: maður)’, *hofmaður* ‘hirðmaður, kurteis maður’). Í færslunni um orðið *gleðikona* í *Íslensk-danskri orðabók* vísar Sigfús Blöndal í kvæði Eggerts og telur orðið *gleðikona* svara til „Glædespige“ á dönsku, en það orð merkir ‘léttúðardrós, vændiskona’.²¹ Í kvæðinu kemur nákvæm merking orðsins þó ekki fram. Vera kann að Eggert hafi ýjað að því að skemmtanaglöðum konum sé brugðið um lauslæti, en varhugavert væri að túlka vísuna þannig að orðið *gleðikona* hafi merkt ‘vændiskona’ á þessum tíma.

¹⁸ *Íslensk orðabók*, 4. útg., ritstj. Mördur Árnason, Reykjavík: Edda, 2007, bls. 311. Þessi merkingarskýring er óbreytt frá fyrstu útgáfu Árna Böðvarssonar frá 1963 og í samræmi við orðabók Sigfúsar Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*, Reykjavík: Íslensk-danskur orðabókarstjóður, 1980 (ljóspr. útg. frá 1920–1924), bls. 257.

¹⁹ *Íslensk nútímamálsorðabók*, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sótt 15. mars 2018 af <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob?ord=15747>.

²⁰ *Kvæði Eggerts Ólafssonar; útgefin eptir þeim beztu handritum er feingizt gátu*, Kaupmannahöfn, 1832, bls. 141.

²¹ Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. 257.

Er gleðikona tökuþýðing?

Frakkar eiga mörg orð um gleðikonur, m.a. heitið *fille de joie* ‘gleðistúlka, dóttir gleðinnar’ sem kom fram á 14. öld.²² Það hefur orðið til við skrauthvörf (e. *euphemism*), eins og fleiri frönsk vændiskvænnaheiti, t.d. *fille des rues* ‘götustúlka’, og orðalag sem felur í sér skrauthvörf er einnig til í öðrum málum, t.d. e. *lady of the night* og þý. *Dirne*, sem er einfaldlega ‘þerna’. Þjóðverjar fengu hugmyndina að láni hjá Frökkum og smíðuðu tökuþýðingar (e. *loan translation*). Þar sem túlka má *fille de joie* á tvo vegu varð bæði til þýska orðið *Freudenmädchen* ‘gleðistúlka’ og *Tochter der Freude* ‘dóttir gleðinnar’ (einnig *Töchterchen der Freude* með smækkunarviðskeyti). Þetta gerðist á síðari hluta 18. aldar; a.m.k. eru elstu þekktu dæmin á prenti frá árunum 1778–1788, ef marka má orðsifjabók Kluges.²³ Tökuþýðingarnar *glæde(s)pige* í dönsku og *glädjeflicka* í sænsku fylgja fast á eftir; elsta dæmi stóru dönsku orðabókarinnar er frá 1791 og þeirrar sænsku frá 1804.²⁴ Einnig hafa Norðmenn smíðað orðið *gledespike* og Færeyingar *gleðigenta*.²⁵ Öll framangreind orð hafa merkinguna ‘vændiskona’ en sum jafnframt ‘lauslætisdros’, og tekið er fram í *Norsk Riksmålsordbok* að *gledespike* sé léttúðug stúlka sem hafi tekjur af því en selji sig ekki beinlínis á götunni.

Vegna líkindanna við þessi erlendu orð er freistandi að túlka íslenska orðið *gleðikona* sem tökuþýðingu eins og Ásta Svavarsdóttir gerði þegar hún vakti athygli á að íslenska væri ekki ein um að hafa notað *gleði*-orð um vændiskonur.²⁶ Hér verður hins vegar tekin sú afstaða að heimildir leyfi

²² Enn eldra er fr. *femme de joie* ‘gleðikona’ í heimildum frá 13. öld. Sjá *Dictionnaire culturel en langue française*, Tome II, ritstj. Alain Rey og Danièle Morvan, Paris: Dictionnaires le Robert, 2005, bls. 1021.

²³ Friedrich Kluge, *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, 17. Auflage [...] bearbeitet von Walther Mitzka, Berlin: Walter de Gruyter, 1957, bls. 218.

²⁴ *Ordbog over det danske Sprog*, Udgivet af Det Danske Sprog- og Litteraturselskab, Sjette bind, København: Gyldendalske Boghandel / Nordisk Forlag, 1924, dálkur 1108; *Ordbok över svenska språket*, Utgiven av Svenska Akademien, Tionde bandet: G – göttensk, Lund: A.-B. Ph. Lindstedts univ.-bokhandel, 1929, dálkur 608.

²⁵ Trygve Knudsen og Alf Sommerfelt, *Norsk Riksmålsordbok*, Bind II, [Oslo]: Det Norske Akademi for Sprog og Litteratur, 1983, dálkur 1542; M.A. Jacobsen og Chr. Matras, *Føroysk-donsk orðabók*, 2. útg., Tórshavn: Føroya fróðskaparfelag, 1961, bls. 116.

²⁶ Ásta Svavarsdóttir, „Gleðikonur og gleðimenn“, *Orðaforði heyrjaður Guðrúnu Kvaran 21. júlí 1993*, Reykjavík, 1993, bls. 14–17, hér bls. 15, og „Baráttan um tungumálið: Gleðikonur, gleðimenn og annað fólk“, *Konan kemur við sögu*, ritstj. Svanhildur María Gunnarsdóttir og Þórður Ingi Guðjónsson, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2016, bls. 151–153, hér bls. 153.

ekki að það sé talið víst. Í fyrsta lagi mælir aldur elstu dæmanna ekki með því. Eggert Ólafsson notaði orðið *gleðikona* í kvæði sem hefur augljóslega verið ort fyrir andlát hans árið 1768, kvæðið er því nokkru eldra en elstu þekktu dæmin í dönsku, sænsku og þýsku. Að vísu er ekki sjálfgefið að þau ártöl jafngildi aldri orðanna en að minnsta kosti lítur út fyrir að tökuþýðingar þessara þjóða hafi ekki verið orðnar útbreiddar í prentmáli þegar kvæði Eggerts var ort. Í öðru lagi er ekki fullvíst að orðið *gleðikona* merki ‘lauslætisdrós, vændiskona’ í kvæði hans; samhengið bendir ekki ótvírætt til þess. Í þriðja lagi blasir ekki við að við tökuþýðingu hefði íslenska útgáfan orðið *gleðikona*. Við tökuþýðingu er erlent orð þýtt lið fyrir lið, og hugmyndin um tökuþýðingu væri meira sannfærandi ef íslenska orðið hefði fengið síðari lið með sömu merkingu og da. *pige* og þý. *Mädchen*, t.d. *píka*, *stúlka* eða þess háttar.

Engin þessara þriggja röksemda hrekur beinlínis þá ályktun að íslenska orðið *gleðikona* sé tökuþýðing. Vitanlega getur hugsast að Eggert Ólafsson hafi kynnst orðinu *gladespige* í dönsku talmáli á Hafnarárum sínum áður en að prentuðum dæmum kom, og ekki er heldur óhugsandi að hann hafi átt við lauslætisdrósir eða jafnvel vændiskonur. Auk þess er heitið *tökuþýðing* oft notað í víðari skilningi um nýyrði sem er sniðið eftir erlendu orði en ekki þýtt bókstaflega lið fyrir lið. Dæmi um slíkt er orðið *skýjakljúfur*. Fyrirmynd þess er e. *sky scraper* sem merkir ‘himinskrapari’ en hefur hvorki verið þýtt nákvæmlega í íslensku, þýsku né dönsku (þý. *Wolkenkratzer*, da. *skyskraber* ‘skýjaskrapari’).²⁷ Á sama hátt hefði Eggert getað fengið hugmyndina að orðinu *gleðikona* að láni hjá Dönnum eða annarri nágrannaþjóð.

Ef orðið *gleðikona* hefur verið nýsmíði Eggerts Ólafssonar má hugsa sér að þarfir bragarháttarins hafi verið hvatning; hann hafi smíðað *gleðikonum* til að ríma við *honum* (sjá dæmi (4)). Samkvæmt tökuþýðingartilgátunni hefði hann þá gert hinar erlendu „gleðipíur“ að gleðikonum rímsins vegna. Á hinn bóginn er óþarfi að líta svo á að erlend áhrif hafi verið nauðsynleg. Íslenska orðið *gleðimaður* hefði fyllilega nægt sem fyrirmynd að orðinu *gleðikona*. Það nýyrði hefði einnig getað orðið til áður en kvæði Eggerts var ort og hjá öðrum síðar. Þótt einhver einn orðasmiður hafi ef til vill orðið fyrstur er nefnilega óvíst að orðið hafi breiðst út frá einum

²⁷ Sjá t.d. Hans Henrich Hock, *Principles of Historical Linguistics*, Berlin, New York og Amsterdam: Mouton de Gruyter, 1986, bls. 399–400. Þar kemur fram í skilgreiningu tökuþýðingar að nýyrðið sé sett saman úr liðum sem svari til merkingar einstakra liða í orði veitímálsins. Þess er þó getið að tökuþýðingar séu stundum ekki nákvæmar þýðingar.

upphafsmanni. Það er virkt orðmyndunarferli að búa nafnorð sem endar á *-kona* til við hlið orðs með síðari liðinn *-maður* og ekki fráleitt að orðið *gleðikona* hafi orðið til hjá fleiri en einum Íslendingi á ólíkum tímum. Eins og hér hefur verið rakið leyfa heimildir ekki að fullyrt sé að orðið hafi borist inn í íslensku sem tókupýðing.

Samband orðanna gleðimaður og gleðikona

Í samræmi við ofangreint má telja ljóst að orðið *gleðimaður* sé eldra en *gleðikona* og líklegt að saga þeirra tengist á þann hátt sem nú verður lýst. Í fornu máli var til orðið *gleðimaðr*, sem var myndað með nafnorðið *gleði* sem fyrri lið og merkti ‘maður gæddur gleði, maður gefinn fyrir gleði’. Þar sem orðið *gleði* hafði bæði merkinguna ‘kæti’ og ‘skemmtun’ vísaði *gleðimaðr* bæði til eiginleikans gleði og til þátttöku í mannfagnaði. Orðið *gleðimaðr* var notað um konur jafnt sem karla en síðar varð orðið *gleðikona* til við hlið þess. Það hefur spröttið af þörf fyrir orð um kvenkyns gleðimann til að nota þegar taka á fram að um konu sé að ræða. Mörg önnur íslensk orð með síðari liðinn *-kona* hafa verið mynduð af þeirri ástæðu, t.d. *auðkona* við hlið *auðmaður*. Greinilegur aldursmunur er á heimildum um það orðapar á þann veg að *auðmaðr* birtist þegar í handritum frá 14. öld en *auðkona* í heimildum frá 19. öld.²⁸

Aldursmunurinn í þessum tveimur orðapörum vekur reyndar þá spurningu hvort þörf fyrir orð með síðari liðinn *-kona* hafi skapast við breytingar á merkingu og notkunarviði orðsins *maður*. Með öðrum orðum má spyrja hvort komið hafi að því á einhverju málstigi að orð eins og *gleðimaður* og *auðmaður* hafi ekki þótt nothæf um konu. Henni er ekki hægt að svara einhlítt játandi. Að minnsta kosti hafa athuganir á sögu orðsins *maður* ekki leitt í ljós að á tilteknum tíma hafi orðið umskipti þannig að það hafi hætt að vísa til kvenna.²⁹ Af þeim sökum er varlegra að lýsa tilurð orðsins *gleðikona* þannig að það hafi komið sér vel að eiga sérstakt orð um kvenkyns gleðimann til að geta gefið skýrt til kynna að átt sé við konu. Það væri

²⁸ *Ordbog over det norrøne prosasprog*, sótt 19. mars 2018 af <http://onp.ku.dk>; *Ritmalssafn*, sótt 23. október 2018 af <http://ritmalssafn.arnastofnun.is/#/daemi/28109>. – Í aðdraganda þessara greinarskrifa var einkum leitað að heimildum um íslensk orð frá síðari öldum í gagnagrunnum (a) *Tímarit.is*, <http://timarit.is>, (b) *Íslenskt textasafn*, <http://www.arnastofnun.is/page/textasafn> og (c) *Ritmalssafn*, <http://www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn>.

²⁹ Sjá t.d. Guðrúnu Kvaran, „Nýrri bíblíupýðingu lokið: Verklag og viðbrögð“, *Glíman* 5/2008, bls. 9–60, hér bls. 34–38.

m.ö.o. óvarlegt að halda því fram að myndun orðsins *gleðikona* staðfesti að orðið *gleðimaður* hafi verið orðið ónothæft um konur á þeim tíma.

Fyrri liður samsettu orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* er, eins og áður sagði, nafnorðið *gleði*, og er það myndað á sama hátt og t.d. *fræðimaður* ‘lærdómsmaður’ þar sem no. *fræði* er fyrri liður. Hér er ekki um að ræða orð með sagnstofn sem fyrri lið, eins og á t.d. við um orðið *kennimaður* ‘maður sem kennir’ og *hrærivél* ‘vél sem hrærir’. Ekki eru *gleðimaður* og *gleðikona* heldur gerandnöfn af sama tagi og *gleðispillir* ‘sá sem spillir gleði’. Sú túlkun kemur því ekki vel heim við orðmyndunina að *gleðikona* sé „kona sem veitir manningum gleði“³⁰ eða kallist þetta „af því að hún gleður karlmanninn“.³¹ Orðið kann að vekja þær hugrenningar nú á dögum en ekki eru líkur á að upphafleg merking orðsins hafi verið ‘kona sem gleður (karlmann)’.

Merkingin ‘glaðlynd kona, kona gefin fyrir gleðskap’ kemur skýrt fram í dæmum um orðið *gleðikona* frá 19. og 20. öld. Dæmi (5) frá 1878 er það elsta á *Tímarit.is*:

- (5) sat hún þá í Parísarborg við glaum og skemtanir því að hún var **gleðikona** mikil.³²

Parna er sagt frá síðari æviárum Maríu Kristínar Spánardrottningar og auðvitað ekki gefið í skyn að hún hafi stundað vandi. Orðið hefur verið notað á sambærilegan hátt um íslenskar konur í frumsömdum íslenskum textum eins og Ásta Svavarsdóttir sýndi með dæmum úr eftirmælum um íslenskar konur sem finna má í *Ritmálssafni*.³³ Merkingin ‘kvenkyns gleðimaður’ er því ekki bundin við þýðingar eða endursagnir efnis á erlendum málum.

Í dæmi (6) úr *Ritmálssafni* kemur fram orðþarið *gleðimenn og gleðikonur* um kynjablandaðan hóp.

- (6) að valinu á þessum bókum hefði ráðið maður, sem gaman hefði af að lesa um **gleðimenn og gleðikonur**³⁴

³⁰ Tryggvi Gíslason, „Gleðimaður og gleðikona“, *blog.is*, 12. janúar 2012, sótt 18. mars 2018 af <https://tryggvigislason.blog.is/blog/tryggvigislason/entry/1216756/>.

³¹ Hildur Knútsdóttir, „Þegar tungumálið talar okkur“, *Knúz – femínískt vefrit*, 9. apríl 2013, sótt 18. mars 2018 af <https://knuz.wordpress.com/2013/04/09/thegar-tungumalid-talar-okkur/>.

³² *Norðlingur* 7–8/1878, dálkur 32.

³³ Ásta Svavarsdóttir, „Gleðikonur og gleðimenn“, bls. 16.

³⁴ Einar Hjörleifsson, *Ofurefli: Saga*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1908, bls. 171.

Parna er sýnt svart á hvítu að bæði sé um karla og konur að ræða en ekki er hægt að ráða af textanum að höfundur hafi ætlað sér að gefa í skyn annan merkingarmun en mun á kynferði. Þótt ætla megi að fleirtalan *gleðimenn* hafi á fyrri öldum átt við hópa með hvaða kynjasamsetningu sem er má búast við að þeim sem talar eða skrifar geti þótt ástæða til að taka kynferðið fram. Eins og áður sagði er líklegt að ýmis orð með síðari liðinn *-kona* hafi verið mynduð í þeim tilgangi. Við það hefur notkunarvið orðanna sem enda á *-maður* breyst. Til dæmis má ætla að við innreið eintölnnar *gleðikona* og fleirtölnnar *gleðikonur* hafi dregið úr því að orðið *gleðimaður* væri notað um konu eða fleirtalan *gleðimenn* um kvannahóp.

Orðið *gleðikona* hefur auk þess orðið fyrir merkingarbreytingum. Við hlið elstu merkingarinnar (A), ‘kvenkyns gleðimaður’, varð annars vegar til merking (B), ‘léttúðardrós, lauslætisdrós’, og hins vegar merking (C), ‘vændiskona’. Merkingu (B) má telja niðrandi, eins og fram kemur af dæmum um *gleði*-orð hér á eftir, og flokka þessa breytingu á merkingunni sem niðrun (e. *pejoration*). Ef merking (C) er yngst og leidd af (B) má ef til vill túlka breytinguna sem merkingarþrengingu (e. *narrowing*). Þá hefur almennari merkingin ‘lauslætisdrós’ þrengst í sértækari merkinguna ‘lauslætisdrós sem tekur gjald’. Í merkingu (C) verður *gleðikona* starfsheiti og textasambengið þarf að skera úr um hvenær það er notað á niðrandi hátt.

Erfitt getur verið að skipa einstökum dæmum í einn þessara þriggja flokka, m.a. elsta dæminu í kvæði Eggerts Ólafssonar, en af sambengi má stundum ráða að heitið *gleðikona* sé neikvæður stimpill. Efni textanna og orðaval, t.d. sagnir og lýsingarorð í grenndinni, getur gefið merkingarblæbrigði til kynna. Það á t.d. við um umsögn um Guðrúnu Leogedariusdóttur (f. um 1630) sem sögð er „allræmd [svo] gleðikona“ í „Búendatali Eyjafjarðar“.³⁵ Hér bendir lo. *alræmdur* til þess að ekki sé talið konunni til tekna að vera *gleðikona*.

Eins og fram kom hér að framan er vændismerkingin (C) trúlega yngst. Við leit í *Ritmálssafni*, *Íslensku textasafni* og á *Tímarit.is* fundust ekki eldri örugg dæmi um þá merkingu en frá þriðja áratug 20. aldar, þau elstu í sendibréfi sem Þórbergur Þórðarson ritaði árið 1926; eitt þeirra er (7):

³⁵ *Íslendingabók* (islandingabok.is) birtir þessa umsögn með færslunni um Guðrúnu Leogedariusdóttur. Heimildin er Stefán Aðalsteinsson, „Búendatal Eyjafjarðar“ (óútgefið handrit merkt Héraðsskjalasafni Svarfdæla, Dalvík), Bók I, bls. 98–99. Þetta dæmi um orðið *gleðikona* er því frá 20. öld. Ég þakka Krístrúnu Höllu Helgadóttur sagnfræðingi, sérfræðingi hjá Íslenskri erfðagreiningu, fyrir aðstoð við að finna þessa heimild.

(7) „Hefur þú nokkurn tíma fengið þér **gleðikonu**?“³⁶

Á þeim tíma hefur léttúðar- og vændismerking orðsins verið vel þekkt ef marka má orðabók Sigfúsar Blöndal, sem sýnir eingöngu merkinguna „Glædespige“, og aðrar prentaðar orðabækur 20. aldar.

Framangreindar merkingarbreytingar í sögu orðsins *gleðikona* hefðu getað orðið án nokkurra erlendra áhrifa. Þó er líklegt að hugmyndin um merkinguna ‘vændiskona’ hafi kviknað við lestur erlendra rita eða kynni af öðrum þjóðum. Trúlega hafa margir Íslendingar kynnst vændi í borgum erlendis, ekki í bændasamfélaginu heima fyrir, og ef til vill segir sína sögu að dæmi (7) er úr bréfi skrifuðu í Stokkhólmi. Til samanburðar má líta á hvernig lántaka hefur komið við sögu nafnorðsins *gleðihús*. Það kemur fyrir í texta Biblíunnar þar sem gleðihús og sorgarhús eru borin saman. Í þýsku voru notuð orðin *Freudenhaus* ‘hús þar sem gleði ríkir’ og *Trauerhaus* ‘hús þar sem sorg ríkir’. Í vændisorðaforðanum varð aftur á móti til samsetta orðið *Freudenmüchchenhaus* ‘gleðistúlknaús, þ.e. vændishús’ á 18. öld. Þetta langa orð var styttn í *Freudenhaus* og féll því saman við gamla biblíuorðið.³⁷ Danir líktu eftir þessu þannig að no. *glædesbus* ‘gleðihús (í biblíumerkingunni)’ fékk nýja tókumerkingu (e. *semantic loan*), „sted, hvor man søger forlystelser af grovere art; især: bordel“.³⁸ Það sama hefur gerst í íslensku. Þar var til orðið *gleðihús* í Biblíunni, sbr. dæmi (8)a. úr Guðbrandsbiblíu, en yngri tókumerkingin ‘vændishús’ sést í (8)b.

- (8) a. Vitra Manna Hiortu eru i Sorgarhwise / enn fauijsra Hi/ortu i **Gledehwse**³⁹
 b. má þar minna á Kinatown, sem er safn **gleðihúsa** og bara, með skækjur í hverju skoti,⁴⁰

Á sama hátt hefði íslenska orðið *gleðikona* getað fengið tókumerkinguna ‘vændiskona’. Það hefur haft merkinguna ‘kvenkyns gleðimaður’ fyrir og stundum verið notað í niðrandi merkingu, þ.e. ‘léttúðardrós’. Da. *glædes-*

³⁶ Þórbergur Þórðarson, *Einum kennt – öðrum bent: Tuttugu ritgerðir og bréf 1925–1970*, Sigfús Daðason bjó til prentunar, Reykjavík: Mál og menning, 1971, bls. 42.

³⁷ Friedrich Kluge, *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, Bearbeitet von Elmar Seebold, 23., erweiterte Auflage, Berlin og New York: Walter de Gruyter, 1999, bls. 285.

³⁸ *Ordbog over det danske Sprog*, 6. bindi, dálkur 1107.

³⁹ Guðbrandsbiblía, Préd. 7, 4 (*Ritmálsafni*).

⁴⁰ *Sjómannablaðið Víkingur* 31: 5/1969, bls. 171.

pige merkti bæði ‘léttúðardrós’ og ‘vændiskona’ og því hefur verið nær-tækt að *gleðikona* fengi vændismerkinguna að láni. Merkingarþrengingin frá merkingu (B) til merkingar (C) hefur þá orðið innan dönsku. Orðið *gleðimaður* hefur aftur á móti ekki fengið merkinguna ‘vændiskarl’ á sama tíma svo að vitað sé. Annars vegar hefur lántaka úr grannmáli ekki komið til greina, ef menn þekktu ekki sambærilegt erlent orð um karlmann sem stundaði vændi, og hins vegar hefur þörfin fyrir orð um vændiskarla ef til vill ekki verið mikil.⁴¹

Ný gleði-orð um konur birtast á 20. öld

Þar með er ekki öll sagan sögð því að heimildir um fleiri samsett orð með *gleði-* sem fyrri lið bætast í safnið á 20. öld. Orðin um konur geta haft þrenns konar merkingu, þ.e. fallið undir (A) ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’, (B) ‘léttúðardrós, lauslætisdrós’ eða (C) ‘vændiskona’. Það á við um þessi orð eins og orðið *gleðikona* að ekki er alltaf auðvelt að flokka einstök dæmi.

Orðið *gleðidrós* hefur yfirleitt greinilega merkingu af gerð (B) eða (C), ‘léttúðardrós, vændiskona’, enda hafði no. *drós* fengið merkinguna ‘flenna’. Í elsta dæmi *Ritmálssafns*, (9)a. frá árinu 1905, er það reyndar notað um japanskar geisjur. Á *Tímarit.is* eru tugir dæma frá árabílinu 1923–1978 og er þar mjög oft sagt frá erlendum konum. Þeirra á meðal er (9)b. úr þýðingu Þórarins Guðnasonar á smásögunni „Regn“ eftir Somerset Maugham. Þar er e. *the flaunting quean* þýtt með orðunum ‘gleðidrósinn fasmikla’ (e. *quean* ‘flenna, vændiskona’).⁴² Þessi persóna verksins hefur vændi að atvinnu.

- (9) a. Loks mátti sjá þar nóg af japönskum **gleðidrós**um (Geisha), sem voru í hávegum hafðar hjá rússnesku liðsmönnum.⁴³
 b. Hér var komin **gleðidrós**inn fasmikla, sem þau þekktu svo vel frá fyrri tíð.⁴⁴

⁴¹ Danska orðið *gledesmand* fannst ekki í helstu orðabókum og hefur því varla verið algengt. Leitarvélin Google (8. mars 2018) fann eitt dæmi frá 1943 um *gledesmand* í merkingunni ‘samkvæmismáður’; sjá Tom Kristensen, *I min tid: Fra klunketid til øgledage*, København: Gyldendal, 1963, bls. 188 [áður birt 1943]. Auk þess fann Google dæmi úr dagblöðum frá 1996 og 2012 um merkinguna ‘vændiskarl’.

⁴² W. Somerset Maugham, *Rain And Other Stories*, New York: Grosset & Dunlap, 1921, bls. 300; Sören Sörenson, *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*, [Reykjavík]: Örn og Örlygur, 1984, bls. 837.

⁴³ *Ísafold*, 17/1905, bls. 67 (*Ritmálssafn*).

⁴⁴ *Dvöl*, 13: 3–4/1945, bls. 244.

Elsta dæmi *Ritmálssafns* um orðið *gleðimær* (eða *gleðimey*) er frá árinu 1942 og það gæti bent til þess að Halldór Laxness væri upphafsmaðurinn, sjá (10)a. Einnig eru þar þrjú dæmi úr *Sögu mannsandans* eftir Ágúst H. Bjarnason, (10)b–d.

- (10) a. og vildi eingar **gleðimeyar** nærri sér,⁴⁵
 b. hinar fögru, ósnortnu **gleðimeyjar** (*houris*) ganga þar um beina og fylgja mönnum til sængur.⁴⁶
 c. studdur af tveim góðlátlegum **gleðimeyjum**.⁴⁷
 d. alls konar trantarályður, skrautbúnar hórur og **gleðimeyjar**, ástamangarar, sjómenn og sjóræningjar, [...]⁴⁸

Dæmin fjögur vekja þá hugmynd að höfundana hafi vantað orð um konur á öðrum menningarsvæðum og öðrum tímum en samtímanum. Halldór hafi smíðað orðið um glaðar söngmeyjar í Austurlöndum („ungar meyjar úr kvennabúrum Kynsævar með saungpípur“ (bls. 170)) og Ágúst notað það um *houris* í paradís Kóransins ((10)b.) og persónur gamanleikja Aristófanesar ((10)c.) og Plátusar ((10)d.). Eldri orð, t.d. *gleðikona*, hafi þótt eiga illa við um þessar gerðir kvenna.

Hins vegar leikur ekki nokkur vafi á því að Ágúst H. Bjarnason hefur orðið á undan Halldóri. Gleðimeyjar koma nefnilega fyrir í eldri útgáfu rits hans árið 1910, þegar hann endursegir niðurlag gamanleiksins *Akkarnar* á þá leið að Díkepólís komi góðglaður heim úr gleðskap „og styðja hann tvær góðlátlegar gleðimeyjar“ (sbr. (10)c. að framan).⁴⁹ Þess vegna er hugsanlegt að Ágúst hafi smíðað orðið *gleðimær* af þessu tilefni og jafnvel komið af stað nýrri bylgju *gleði*-orða. Ritverkið var byggt á Hannesar Árnasonar fyrirlestrum sem hann flutti veturinn 1904–1905, og ef hann hefur líka talað um gleðimeyjar þar hefði orðið *gleðidrós*, sem birtist í *Ísafold* 1905, getað orðið til fyrir áhrif frá Ágústi.

Kveikjan að orðinu *gleðimær* – ef það er smíði Ágústs – er ef til vill orðið

⁴⁵ Halldór Kiljan Laxness, *Sjö töframenn: Þættir*, Reykjavík: Heimskríngla, 1942, bls. 182.

⁴⁶ Ágúst H. Bjarnason, *Saga mannsandans: I. Forsaga manns og menningar*, Reykjavík: Hlaðbúð, 1949, bls. 180–181.

⁴⁷ Sama rit, III. *Hellas*, 1950, bls. 129.

⁴⁸ Sama rit, IV. *Róm í heiðnum og kristnum sið*, 1953, bls. 72.

⁴⁹ Ágúst Bjarnason, *Yfirlit yfir sögu mannsandans: Hellas*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1910, bls. 149.

Lustmægðlein, sem kemur fyrir í þýskri þýðingu leikritsins.⁵⁰ Það gæti m.ö.o. verið tókubýðing en danska orðið *glædespige* gæti að sjálfsögðu líka verið fyrirmyndin. Auk þess kemur til greina að Ágúst hafi ekki snarað erlendu orði heldur sett orðið *gleðimær* saman sem blendingsmynd úr *gleðikona* og *dansmær*. Veisluna í gamanleiknum sóttu nefnilega hórur og dansmeyjar en ekki er ljóst úr hvorum hópnum gleðimeyjarnar góðlátlegu voru.⁵¹

Fleiri dæmi um orðið *gleðimær* (eða *-mey*) eru á *Tímarit.is* frá árunum 1947–1973. Þær gleðimeyjar eru ekki allar erlendar þannig að orðið hefur einnig verið notað um íslenskar stúlkur, t.d. yngsta dæmið úr vísu sem birt var í dagblaði:

- (11) [...] Á götunni miðri mætti mér hrein
mey ein, sem hló og söng af kæti.
Gleðimey var hún og gekk þarna ein [...]⁵²

Þetta dæmi mætti líklega helst fella undir merkingu af gerðinni (A) því að hér er orðið notað um glaða hreina mey. Það sýnir að síðari liður orðsins hefur sumpart vísað til hreinleika, meydóms, þótt kersknin í vísunni geri þá merkingu ef til vill umdeilanlega. Hreinleikamerking á þó að minnsta kosti við um hinar ósnortnu meyjar í paradís Kóransins (sjá (10)b.). Orðið *gleðimær/-mey* hefur því ekki alltaf haft lauslætis- eða vændismerkingu, en slík merking kemur vissulega fyrir, t.d. þegar orðið er notað sem þýðing á e. *call-girl*.⁵³

Loks eru heimildir um orðin *gleðitelpa* og *gleðistúlka* til frá því um miðja 20. öld, sjá dæmi (12).

- (12) a. voru útlendir hermenn þar í meirihluta og alls konar **gleðitelpur**, sem vöndu komur sínar á veitingastaði.⁵⁴
b. enda eru allar fallegustu **gleðistúlkur** Blakkpúl hátekjufólk miðað við vinnandi stéttir.⁵⁵

⁵⁰ Johann Heinrich Voss, *Aristofanes*, Mit erläuterten Anmerkungen von Heinrich Voss, Dritter Band, Braunschweig: Friedrich Vieweg, 1821, bls. 83.

⁵¹ Sjá nánar Guðrúnu Þórhallsdóttur, „Tvær góðlátlegar gleðimeyjar“, *Hallamál rétt Haralds Bernharðssyni fimmtugum 12. apríl 2018*, Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2018, bls. 45–47.

⁵² *Vísir*, 11. október 1973, bls. 2.

⁵³ *Vísir*, 29. september 1966, bls. 8.

⁵⁴ Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður: Skáldsaga*, Reykjavík: Víkingsútgefán, 1946, bls. 183 (*Ritmálssafn*).

⁵⁵ *Sjómannaþingið Víkingur* 12: 2–3/1950, bls. 64 (*Ritmálssafn*).

Bæði orðin gætu verið tókupýðingar, orðnar til fyrir bein áhrif frá hinum erlendu „gleðipíum“, en orðasmiðirnir hefðu einnig getað myndað þau sem tilbrigði við orðið *gleðikona*, ef til vill til að lýsa ungum aldri og hugsanlega sakleysi. Orð eins og *gleðimær*, *gleðistúlka* og *gleðitelpa* hafa verið heldur meinlaus ef eitthvað var óljóst um siðsemi eða tekjulind kvenna sem rætt var um eða ritað. Nýtt orð af þessu tagi var ekki heldur mjög meiðandi. Það hefur sjálfsagt komið sér vel þegar orðið *gleðikona* hafði fengið eindregna vændismerkingu í hugum fólks.

Gleðimenni og gleðimanneskjur

Snemma á 20. öld koma fram á sjónarsviðið tvö ný *gleði*-orð sem mátti nota um konur og karla. Annað þeirra er orðið *gleðimenni* sem hefur verið notað um bæði kynin undanfarna öld. Elsta þekkt dæmið er frá árinu 1914 og á *Tímarit.is* eru dæmi frá árabílinu 1914–2005. Í dæmi (13)a. er orðið *gleðimenni* haft um einstakling, erlendan karlmann, og (13)b. er úr dánarfregn um íslensk hjón.

- (13) a. Hayter er mjög vel efnun búinn, hið mesta **gleðimenni**⁵⁶
 b. þau hjón voru vinsæl mjög, enda **gleðimenni** hin mestu bæði tvö.⁵⁷

Hitt er orðið *gleðimanneskja* sem nítján dæmi eru um á *Tímarit.is* frá árunum 1932–2013. Það er langoftast notað um konur og er ágæt staðfesting þess að orðið *manneskja* er ekki algerlega kynhlutlaust heldur á oft sérstaklega við konur, t.d. þegar það er notað um tiltekinn einstakling.⁵⁸ Dæmin eru meðal annars úr minningargreinum um konur, t.d. (14)a., og er merkingin þar greinilega af gerðinni (A), þ.e. ‘kona gædd gleði, kona gefin fyrir gleði’. Það er helst að léttúðarmerking komi fyrir í dæmi (14)b. úr texta sem Guðbergur Bergsson þýddi úr spænsku. Aðeins eitt dæmi á ekki við konu sérstaklega, (14)c., þar sem greinarhöfundur hneykslast á íslenskri áfengislöggjöf.

⁵⁶ *Morgunblaðið*, 13. apríl 1914, bls. 754 (*Ritmálsafn*).

⁵⁷ *Dagsbrún*, 13: 4/1918, bls. 32.

⁵⁸ Dæmi um setningar þar sem orðið *manneskja* hefur vísað til kvenna eru „Láttu ekki svona, manneskja!“ og „Hvað heldurðu að manneskjan hafi sagt?“ þar sem orðið *maður* væri notað um karlmann.

- (14) a. Auður var **gleðimanneskja**, skemmtileg kona sem naut þess að vera til.⁵⁹
 b. heillandi og slægur kvenmaður, **gleðimanneskja** með græðgi í kvíðnum sem nægði til að fullnægja heilli herbúð.⁶⁰
 c. Það eru óskiljanlegar öfgar sem hin íslenska **gleðimanneskja** þarf að þola til að drekka upp í fjárlagagötin⁶¹

Tilfnið til að mynda orðið *gleðimanneskja* er ekki torskilið. Eldri dæmin eru notuð um konur og gefa til kynna að það hafi vantað hlutlaust orð um glaða konu, kvenkyns gleðimann, eftir að orðið *gleðikona* var farið að merkja ‘vændiskona’. Nýtt orðapar um karl og konu, *gleðimaður* og *gleðimanneskja*, varð því til og auk þess orðið *gleðimenni* sem gerði ekki greinarmun á kynjunum.

Gleði-orð um karla á 20. öld

Þegar orðin *gleðimaður* og *gleðikona* eru borin saman er oft látið að því liggja að orðið *gleðimaður* sé alltaf notað jákvætt; það sé eftirsóknarvert og aðdáunarvert að vera gleðimaður. Orðabókarskýringin ‘fjörugur maður, samkvæmissaumur’ gefur líka í skyn að merking orðsins hafi ekki breyst að ráði frá fornu máli. Þótt orðið *gleðimaður* komi oft fyrir í vinsamlegum umsögnum er því ekki að neita að einnig má finna dæmi um að það sé notað í heldur neikvæðu samhengi. Í dæmi (15) er t.d. brot úr lýsingu á einkennum manna af Gröndalsættinni í dánarminningu Hannesar Þorsteinssonar um Benedikt Jónsson Gröndal. Hannes segir fyrst frá ýmsum hæfileikum þessara ættmenna en ræðir síðan um gallana:

- (15) Þá hefur vantað næga staðfestu, stöðuglyndi og þrautseigju, hafa verið léttlyndir um of, reikulir í ráði, og **gleðimenn**⁶²

Hér er það talið til galla að vera gleðimaður. Þetta dæmi minnir á að gleðimenn geta farið í hundana og trúlegt er að orðin „mikill gleðimaður“ hafi stundum verið notuð sem skrauthvörf um menn sem hafa stundað skemmtanir óhófllega og þótt sopinn einum of góður. Þó er ekki að sjá að orðið *gleðimaður* hafi eignast skýra viðbótarmerkingu af því tagi, t.d. ‘drykkjumaður’.

⁵⁹ *Morgunblaðið*, 9. júní 2010, bls. 23.

⁶⁰ *Morgunblaðið*, 19. desember 1995, bls. 10 B.

⁶¹ *DV*, 3. maí 1990, bls. 12.

⁶² *Skírnir* 99: 1/1925, bls. 67.

Ný *gleði*-orð um karlmenn koma fram í heimildum á 20. öld, ekki síður en um konur. Eitt þeirra er *gleðikarl* sem kemur fyrir í fjórum blaðagreinum á *Tímarit.is* frá árunum 1965–2006. Yngsta dæmið, (16)a., virðist hafa merkingu af gerð (A), ‘karlkyns gleðimaður’, í fremur hlutlausri umsögn um mann í dagblaði. Í dæmi (16)b. getur sú merking einnig verið á ferð en þar er lýst fyrirlitningu ungrar konu á stjúpfoður sínum og lýsingarorðið *ómerkilegur* gefur gleðikarlinum neikvæðari blæ. Dæmi (16)c. er fyrisögn úr *Dagblaðinu* og af greininni má ráða að orðið *gleðikarl* sé þýðing á e. *playboy*. Hollywood-stjarnan sem sagt er frá telur þann stimpil greinilega skammarlegan. Ef til vill mætti flokka það dæmi undir merkingu (B) þar sem lauslæti er gefið í skyn.

- (16) a. Hann er bara mjög mikill **gleðikarl**. Hann hefur náttúrulega gengið í gegnum ýmislegt en í dag er hann bara heiðarleg fyllibytta.⁶³
- b. Í raun og veru var hann ekkert annað en ómerkilegur **gleðikarl**, með olúkembt hár.⁶⁴
- c. Hann á fimm vinkonur – en segist ekki vera neinn **gleðikarl**⁶⁵

Loks er ótvíræð vændismerking í dæmi (17) en það er úr blaðagrein um þýska karlmenn sem stunda vændi.

- (17) Vinnuna stunda **gleðikarlarnir** yfirleitt heima hjá sér en þar hafa þeir flestir innréttað sérstakt vinnusvæði eins og sjá má á myndunum.⁶⁶

Um orðið *gleðigaur* eru 22 dæmi á *Tímarit.is* frá árunum 1974–2007. Þau eru flest frá árunum eftir aldamót þegar oft var sagt frá trúðnum Geira gleðigaur. Viðurnefni hans ætti að flokka undir merkingu (A), þar sem hann hafi verið gæddur og gefinn fyrir gleði. Léttúðarmerking er í elsta dæminu, (18)a., þegar aðalpersóna kvikmyndarinnar „Beach Casanova“ er kallaður gleðigaur. Vændismerking kemur auk þess fyrir þegar orðið er notað um vændiskarlana þýsku í fyrrnefndri blaðagrein; sjá (18)b.

⁶³ *Morgunblaðið*, 28. nóvember 2006, bls. 40.

⁶⁴ *Vikan*, 28. október 1965, bls. 28.

⁶⁵ *Dagblaðið*, 1. nóvember 1976, bls. 20.

⁶⁶ *Vikan*, 12. september 1985, bls. 62.

- (18) a. Beach Casanova, mynd um **gleðigaur**, sem flækist um frönsku Riveruna [svo] og lendir í ýmsum ævintýrum,⁶⁷
 b. **Gleðigaurar** þessir hala inn um það bil 100.000 krónur á mánuði.⁶⁸

Þar sem orðið *gaur* hefur verið notað í heldur óvirðulegri merkingu um karlmenn, sbr. orðabókarskýringarnar „langur sláni • strákur • óþokki, dóni“,⁶⁹ má segja að orðið *gleðigaur* sé ekki eins hlutlaust og *gleðimaður* eða *gleðikarl*.

Þá er ótalið orðið *gleðisveinn* sem fimm dæmi eru um á *Tímarit.is* frá árunum 1945–2008. Það hefur bæði verið haft um gleðimenn og skemmtikrafta. Í elsta dæminu, (19)a., lýsir Halldór Laxness andstæðum í ljóðum Davíðs Stefánssonar og notar orðið um lífsnautnamann. Skemmtikraftar koma fyrir í dæmum úr fjölmiðlum frá þessari öld; (19)b. er úr dagskrá landbúnaðarsýningar og (19)c. úr frásögn af þorrablóti.

- (19) a. annarsvegar **gleðisveinninn** sem slævir þjáning sína með heimslýstum, hinsvegar spámaðurinn, vandlætariinn, sem hirtir þjóð sína um leið og hann boðar betri heim.⁷⁰
 b. Kynnir: Hjörtur Benediktsson, eftirherma og **gleðisveinn**⁷¹
 c. Til hliðar við sviðið á stórum skjá, birtust tveir **gleðisveinar** – báðir þjóðkunnir fyrir söng grín og gleði. [...] Þetta eru þeir Raggi Bjarna og Hemmi Gunn,⁷²

Úr því að um skemmtikrafta er að ræða í yngri dæmunum, (19)b. og c., kynni einhver að túlka orðið *gleðisveinn* þannig að maðurinn veiti öðrum gleði en sé ekki aðeins gæddur gleði eða gefinn fyrir gleðskap. Það er þó ekki gerandnafn eins og orðið *gleðigjafi* „sá eða sú sem veitir öðrum gleði“ og andheiti þess, *gleðispillir* „sá eða sú sem eyðileggur gleðina yfir einhverju fyrir öðrum“.⁷³ Þessi tvö gerandnöfn eru einnig ólík öðrum *gleði*-orðum,

⁶⁷ *Alþýðublaðið*, 17. janúar 1974, bls. 9.

⁶⁸ *Vikan*, 12. september 1985, bls. 62.

⁶⁹ *Íslensk orðabók*, bls. 292.

⁷⁰ Halldór Kiljan Laxness, „Davíð Stefánsson fimtugur“, *Lögberg* 13/1945, bls. 2–3, hér bls. 3.

⁷¹ *24 stundir*, 19. ágúst 2008, bls. 25.

⁷² Þorgeir Ástvaldsson, „Upprifjun frá liðnu þorrablóti“, *Búðardalur.is*, 19. janúar 2015, sótt 8. mars 2018 af <https://budardalur.is/2015/01/19/upprifjun-fra-lidnu-thorrabloti/>.

⁷³ *Íslensk nútímamálsorðabók*, sótt 21. mars 2018 af <http://islenskordabok.arnastofnun.is>.

sem hér hefur verið fjallað um, að því leyti að þau hafa ekki eingöngu verið notuð um fólk. Eins og glöggst má sjá á færslum í *Ritmálssafni* hafa þau einnig átt við ýmislegt annað sem veitir eða spillir gleði. Sem dæmi má nefna að orðið *gleðigjafi* hefur verið notað um kynni, brennivín og dvöl í Kaupmannahöfn og líka vísað til setninga, t.d. „að sumir samvistarmenn hans námu hjá honum hljóðfæraleik“, þannig að ‘það sem veitir gleði’ ætti í raun að bæta við merkingarskýringuna.⁷⁴

Samantekt um gleði-orðin

Af hinu langa *gleði*-orðatali hér að framan má ráða að talsvert líf hefur verið í myndun samsettra orða með *gleði*- sem fyrri lið. Allmörg ný orð, umfram orðin *gleðimaður* og *gleðikona*, birtast í heimildum frá byrjun 20. aldar og fram eftir öldinni. Mörg dæmanna lýsa erlendu fólki, oft í þýddum textum, og vera kann að í sumum tilvikum hafi höfundar talið sig þurfa á nýyrðum að halda um fólk sem átti ekki beina hliðstæðu í íslenskum samtíma, t.d. *gleðimeyjarnar* í Kóraninum og grískum og rómverskum leikritum. Til greina kemur að sum séu tókupýðingar, a.m.k. orðin um konurnar, af því að sambærileg orð voru til í nágrannamálum. Þó er hér talið ívið líklegra að það kvennaorð sem elstar heimildir eru um, *gleðikona*, hafi ekki orðið til við þýðingu heldur sé alíslensk smíð, nýyrði um kvenkyns gleðimann. Merkinguna ‘vændiskona’ hafi það fengið síðar að láni úr erlendum *gleði*-orðaförða.

Einnig vekur athygli að títtnefnt ósamræmi í merkingu orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* er ekki jafnskýrt þegar litið er á sögu orðanna og *gleði*-orðasafnið í heild. Eins og sýnt var hér að framan hafa orðin um konur ekki eingöngu haft neikvæða merkingu. Konur hafa verið kallaðar *gleðimenn*, *gleðikonur*, *gleðimenni* og *gleðimanneskjur* í merkingunni ‘kvenkyns gleðimenn’, án þess að það sé niðrandi og án vændismerkingar. Notkun orðanna um karlmenn lýsir ekki heldur alltaf jákvæðu viðhorfi. Þótt oft sé talið karlmanni til hróss að vera *gleðimaður* eru einnig til dæmi um hið gagnstæða. Þó hefur orðið *gleðimaður* ekki fengið skýra niðrandi merkingu. Ekki hafa fundist dæmi um að það orð hafi verið notað í vændismerkingu og erlenda fyrirmynd að því, *gleði*-orð um vændiskarl, hefur líklega skort. Hins vegar hafa orðin *gleðikarl* og *gleðigaur* bæði haft léttúðar- og vændismerkingu.

⁷⁴ Óskar Aðalsteinn, *Úr dagbók vitavardar*, Reykjavík: Íðunn, 1968, bls. 101; sjá einnig undir orðinu *gleðigjafi* í *Ritmálssafni* (<http://lexis.hi.is>).

Á heildina litið er áreiðanlega meira um að *gleði*-orðum fylgi neikvæður stimpill þegar þau eru notuð um konur. Gleðimaðurinn Friðgerður í Ljósvetninga sögu (sjá (3)c.) var til dæmis talin lauslát og þar kemur fram neikvætt viðhorf til konu sem er gefin fyrir gleðskap. Í elsta dæminu um orðið *gleðikona* í íslenskum heimildum orti Eggert Ólafsson um að hæðst væri að gleðikonum (sjá (4)) og orðin *alræmd gleðikona* segja einnig sína sögu.⁷⁵ Því er ekki um það að ræða að orðið *gleðimaður* sé í eðli sínu jákvætt og orðið *gleðikona* neikvætt heldur stafar misræmið í merkingu þeirra og notkun af ólíku viðhorfi til skemmtanaglaðra karla og kvenna.

Endurheimt orðsins gleðikona

Þess eru dæmi að íslenskar konur vilji ekki una því að orðið *gleðikona* sé ekki sambærilegt við orðið *gleðimaður* og taki til sinna ráða. Afar skýrt og skemmtilegt dæmi um viðleitni til að rétta hlut orðsins, er félagsskapurinn *Gleðikvennafélag Vallabrepps*, skemmtifélag kvenna á Fljótsdalshéraði sem var stofnað á bjórdaginn svokallaða, 1. mars 1989. Tildrögum þess að félaginu var gefið þetta nafn lýsir einn stofnfélaga, Jónína Rós Guðmundsdóttir, þannig:

- (20) Félagsskapurinn hafði fyrst og fremst þann tilgang að leiðrétta merkingu orðsins *gleðikona* þannig að merkingin væri hliðstæð merkingu orðsins *gleðimaður* – okkur langaði til að það að vera glys- og *gleðikona* væri jákvætt hugtak um konur.⁷⁶

Auk þess að gefa félaginu þetta nafn hafa þessar kátu konur notað orðið *gleðikona* um sjálfar sig og hver um aðra. Þótt félagið hafi ekki starfað mikið á seinni árum, enda sumar kvennanna fluttar burt, hafa þær haldið áfram að kalla sig *gleðikonur* og þannig unnið að því að endurheimta gömlu merkinguna ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’ sem segja má að hafi verið fallin í gleymsku. Fyrirspurn frá þeim til Orðabókar Háskólans varð reyndar hvatinn að skrifum Ástu Svavarsdóttur um orðið *gleðikona*.⁷⁷

Einnig má finna nýlegri dæmi um sams konar viðleitni, til dæmis í blogg færslunni „Ég er *gleðikona!*“ frá árinu 2004:

⁷⁵ Google (12. október 2018) finnur hins vegar ekkert dæmi um orðin *alræmdur gleðimaður*.

⁷⁶ Jónína Rós Guðmundsdóttir, bréfl. 3. nóvember 2017.

⁷⁷ Ásta Svavarsdóttir, „Gleðikonur og gleðimenn“, bls. 14.

- (21) En þar sem ég lít á mig sem konu mikillar gleði og hins ljúfa lífs finnst mér tími til að breyta merkingu orðsins. Gleðikonur allra landa, sameinist!⁷⁸

Þessi orð hljóma eins og herhvöt, þótt ekki verði fullyrt hér að mikil alvara búi að baki, og henni er ekki beint til vændiskvenna heldur kvenna sem eru gefnar fyrir skemmtanir. Ekki kemur fram í færslunni að höfundur þekki til annarra tilrauna til að hafa áhrif á merkingu þessa orðs eða umræðu um kynjamismunun í orðaforða hérlendis eða erlendis.

Undanfarna áratugi hefur athygli oft verið beint að orðum um vændiskonur, hjákonur og piparmeyjar þegar bent er á misræmi í merkingu og notkun orða um karla annars vegar og konur hins vegar. Í brautryðjandaverki Robin Lakoff frá 1975 var til dæmis fjallað um vændismerkingu enska orðsins *professional* (22).

- (22 a. He's a professional 'hann er atvinnumaður'
b. She's a professional 'hún er atvinnumaður, hún er vændiskona'⁷⁹

Dæminu var ætlað að sýna að orðið *professional* gæti aðeins haft vændismerkingu ef það væri notað um konu. Einnig nefndi Lakoff enska orðaparið *master* 'húsbóndi' og *mistress* 'húsfreyja, ástkona, hjákona' sem dæmi um að merking orða um karla og konur breytist á ólíka vegu. Orðið *master* hefur nefnilega ekki fengið merkinguna 'ástmáður'.

Annað tímamótaverk, *Gyn/Ecology* eftir Mary Daly frá 1978, vakti athygli á ýmsum neikvæðum enskum orðum um konur, t.d. *crone*, *hag*, *spinster* og *witch*, og hvatti konur til að nota þau um sjálfar sig og aðrar sjálfstæðar, sterkar og vitrar konur. Það jafngildir því að skilgreina orðin á nýjan hátt og nota þau í nýrri merkingu. Daly leitaði til dæmis aftur til upprunalegrar merkingar orðsins *spinster*, þ.e. 'spunakona', og setti merkinguna 'sú sem spinnur' í nýtt samhengi („She who has chosen her Self, who defines her Self, by choice, neither in relation to children nor to men,

⁷⁸ Hildur, „Ég er gleðikona!“, *Neðanmálsvísur og dónasögur*, 9. ágúst 2004, sótt 15. mars 2018 af http://hillybillster.blogspot.dk/2004_08_08_archive.html.

⁷⁹ Robin Tölmach Lakoff, *Language and Woman's Place: Text and Commentaries*, Revised and expanded edition, ritstj. Mary Bucholtz, Oxford: Oxford University Press, 2004, bls. 73–74 [1. útg. 1975].

who is Self-identified, is a Spinster, a whirling dervish, spinning in a new time/space“).⁸⁰ Mary Daly gaf síðar út heila bók með orðskýringum.⁸¹

Það hefur raunar verið liður í kvennabaráttu víða um lönd að taka merkingu orða í sínar hendur. Ýmist er neikvæðum orðum um konur gefin ný og jákvæðari merking eða gömul merking lífguð við og orðin þannig endurheimt.⁸² Með þessu er reynt að draga broddinn úr niðrandi orðum og gera hlut kvenna í tungumálinu meiri. Þetta hefur þótt vera góð leið til að vekja athygli á misræmi í orðaforða um karla og konur, sem túlkað er sem mismunun, og hafa hvetjandi áhrif á konur sem nota orðin á nýjan hátt. Hins vegar hefur einnig verið bent á að hin gamla feðraveldismerking orðanna hverfi ekki samstundis, heldur sé hætt við að óinnvígðir haldi áfram að nota þau í gömlu merkingunni, og þetta fæli konur jafnvel frá þeim konum sem kalli sig t.d. nornir eða kerlingarskrukkur.⁸³

Umræðan um misrétti í tungumálinu var vel þekkt meðal íslenskra jafnréttissinna á síðari hluta 20. aldar, og þessi eindregna hvatning í víðlesnum ritum femínista erlendis leiðir hugann að því hvort vilji íslenskra kvenna til að hafa áhrif á merkingu orðsins *gleðikona* tengist erlendri mál-farsjafnréttisbaráttu beint. Ekki virðist Gleðikvinnafélag Vallahrepps þó vera sprottið af erlendum boðskap um endurheimt niðrandi orða um konur. Að sögn Jónínu Rósar Guðmundsdóttur var barátta hinna kátu kvenna á Fljótsdalshéraði sjálfsprottin,⁸⁴ og auðvitað þarf ekki að efast um að Íslendingar hafi getað áttað sig á misræmi í merkingu orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* af eigin rammleik, viljað grípa til aðgerða og jafnvel orðið nokkuð ágengt. Að einu leyti má segja að gleðikonunum í Vallahreppi hafi orðið að ósk sinni: Núna eru tvær merkingar orðsins *gleðikona* sýndar í *Íslenskri nútímamálsorðabók*, annars vegar „kona sem stundar vændi, vændiskona“ og hins vegar „kona sem nýtur sín vel í samkvæmum og gleðskap“,⁸⁵ hvort sem það eru bein áhrif frá Gleðikvinnafélagi Vallahrepps eða ekki.

⁸⁰ Mary Daly, *Gyn/Ecology: The Metaethics of Radical Feminism*, Boston: Beacon Press, 1978, bls. 3–4.

⁸¹ Mary Daly, *Websters' First New Intergalactic Wickedary of the English Language*, Conjured by Mary Daly in cahoots with Jane Caputi, Boston: Beacon Press, 1987.

⁸² Um endurheimtina er notað enska orðið *reclaiming*. Sjá Anne Pauwels, *Women Changing Language*, London og New York: Longman, 1998, bls. 102.

⁸³ Sama rit, bls. 102–103.

⁸⁴ Jónína Rós Guðmundsdóttir, bréfl. 13. mars 2018.

⁸⁵ *Íslensk nútímamálsorðabók*, sótt 15. mars 2018 af <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob?ord=15742>.

Viðleitnin til að leiðrétta það misræmi að *gleðimaður* sé jákvætt heiti en *gleðikona* neikvætt er, eins og að framan var lýst, komin frá konum sem vilja nota orðið *gleðikona* um sjálfar sig í merkingunni ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’. Þetta er ekki framtak kvenna sem vilja sýna vændiskonum stuðning með því að kalla sig gleðikonur. Það er þannig til dæmis ólíkt því að beita vígorðinu „Ég er drusla!“ til að styðja konur sem hafa verið kallaðar druslur og draga broddinn úr því skammaryrði. Parna er auðvitað ekki heldur um að ræða hreyfingu vændiskvenna sem kjósa heldur að vera kallaðar gleðikonur en einhverjum öðrum nöfnum og vilja nota þetta orð til að efla samstöðu í sínum hópi. Þótt slíkt sé þekkt úr kvennabaráttu erlendis snýst vilji íslenskra kvenna til að hafa áhrif á notkun orðsins *gleðikona* ekki um hag vændiskvenna eða óskir þeirra.⁸⁶

Skrauthvörf og „ljótleiki“

Því er ekki að neita að *gleði*-orð hafa tengst viðkvæmu merkingarsviði, þ.e. lauslæti og vændi, en á slíkum sviðum má búast við gildishlöðnu orðfæri og orðum sem vekja óþægilegar tilfinningar. Ýmist getur form orða þótt óviðeigandi, t.d. ef um erlendar slettur og slangur er að ræða, eða merkingarmið orðanna, þ.e. það sem þau eiga við, vakið sterk viðbrögð. Í umfjöllun um orðanotkun tengda samkynhneigð notaði Þóra Björk Hjartardóttir einfalt flokkunarkerfi til að greina svokallaðan „ljótleika“ orða, þar sem orðum er skipt í fjóra flokka.⁸⁷ Orðin í fyrsta flokknum eru hlutlaus bæði að formi og innihaldi. Í öðrum flokki telst form orðanna ljótt en merkingarmiðið hlutlaust. Meðal dæma um muninn á þessum flokkum eru orðin *fönguleg stúlka* í fyrsta flokki og *megabeib* í öðrum flokki. Ljótleikinn í þessu orðapari felst aðeins í því að *megabeib* er erlent slanguryrði. Þriðji og fjórði flokkur ná yfir orðfæri á ýmsum viðkvæmum sviðum sem viss bannhelgi á við, m.a. orð tengd kynlífi, og þar má finna vændisorð. Í þriðja flokki eru orð með hlutlaust form en ljótt merkingarmið en í fjórða flokki kallast bæði form og merkingarmið ljót. Eitt dæma Þóru um þessa flokka

⁸⁶ Til samانبurðar má nefna að sums staðar í þýsku kvennahreyfingunni hefur orðið *Nutte* ‘hóra’ verið „reclaimed and used to mark a sense of strength and solidarity among prostitutes“ og orðið *Nuttenbewegung* verið notað um hreyfingu vændiskvenna. Anne Pauwels, *Women Changing Language*, bls. 102.

⁸⁷ Þóra Björk Hjartardóttir, „Baráttan um orðin: Orðanotkun tengd samkynhneigð“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 26/2004, bls. 83–122, hér einkum bls. 86–89. Flokkunin er byggð á Lars-Gunnar Andersson, *Fult språk: Svordomar, dialekter och annat ont*, Stockholm: Carlssons, 1985, bls. 47–49.

eru samheitin *vændiskona* í þriðja flokki, þar sem form orðsins telst ekki ljótt en merkingarmiðið líklegt til að vekja óþægindakenndir, og *hóra* sem er ljótt bæði hvað snertir form og merkingarmið. Orð eru þó ekki endilega bundin einum flokki alla tíð. Í skrifum sínum um orðin *hommi* og *lesbía* sýndi Þóra að þau hefðu flust úr fjórða flokki í þann þriðja og jafnvel þann fyrsta.⁸⁸

Ef *gleði*-orðin eru flokkuð eftir þessu kerfi er ljóst að flakk milli flokka hefur komið þar við sögu. Orðið *gleðimaður* hefur haldið sig við fyrsta flokkinn með form sem ekki er hægt að kalla ljótt og hina hlutlausu merkingu ‘fjörugur maður, samkvæmissmaður’. Þótt það hafi ekki eingöngu verið notað sem hrósyrði hefur það ekki eignast skýra yngri merkingu sem hægt er að flokka sem ljóta. Hins vegar hefur orðið *gleðikona* flakkað milli flokka. Ef leiðin frá merkingu (A), ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’, til (B), ‘lauslætisdrós’, og (C), ‘vændiskona’, er rétt aldursröð hefur orðið upphaflega átt heima í fyrsta flokki eins og *gleðimaður*. Við að eignast merkingu (B) og (C) hefur það flust í þriðja flokk; formið hefur enn verið hlutlaust en merkingarmiðið orðið ljótt.

Önnur *gleði*-orð, sem birtast í heimildum frá 20. öld, hafa verið mynduð sem tilbrigði við orðin *gleðimaður* og *gleðikona* og hafa ýmist merkingu af gerðinni (A), (B) eða (C). Orðin *gleðimenni* og *gleðimanneskja* hafa til dæmis aðeins merkingu (A) og eiga heima í fyrsta flokki. Eins og sýnt var hér að framan hafa sum orðanna merkingu af fleiri en einu tagi, t.d. *gleðigaur* og *gleðikarl*. Í þeim tilvikum má telja óvíst að orðið hafi upphaflega haft merkingu (A) og síðar flust yfir í þriðja flokk þegar merking (B) eða (C) varð til. Þessi orð eru mjög fáttíð í textum og hafa varla náð mikilli útbreiðslu. Einn málnotandi kann að hafa myndað slíkt nýyrði í merkingu (A), annar í merkingu (B) og sá þriðji í merkingu (C), án þess að samband sé þar á milli, og ekki er hægt að ganga að því vísu að merking (A) sé þá elst.

Form *gleði*-orðanna má, á heildina litið, kalla hlutlaust. Að formi til eru *gleðidrós* og *gleðigaur* þó heldur nær ljótleikanum en hin orðin af því að orðin *drós* og *gaur* hafa ekki verið eins hlutlaus og þau orð sem mynda síðari lið hinna *gleði*-samsetninganna. Samt væri vafasamt að fella þau í fjórða flokk. Fyrri liðurinn *gleði*- gefur *drós* og *gaur* léttara yfirbragð og ekki er öruggt að orðin *gleðidrós* og *gleðigaur* kæmu verr við fólk en til dæmis *gleðimær* og *gleðikarl*. Það að orðið *gleðigaur* hefur verið viðurnefni trúðsins Geira sýnir einnig að orðið sjálft er ekki líklegt til að þykja óþægilegt.

⁸⁸ Þóra Björk Hjartardóttir, „Baráttan um orðin“, bls. 116.

Hér að framan var hugtakið *skrauthvörf* notað um þá nýjung í frönsku að taka að nota heitið *fille de joie* ‘gleðistúlka, dóttir gleðinnar’ um vændiskonu. Sömuleiðis kallast það skrauthvörf að nota orðið *gleðikona* ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’ í nýrri vændismerkingu. Eins og áður sagði lýsir ljótleikagreiningin þessari breytingu þannig að hlutlaust merkingarmið verði ljótt. Þó er vert að vekja athygli á því að á skrauthvörfunum eru tvær hliðar. Annars vegar fær orðið *gleðikona* nýja og neikvæðari merkingu, verður fyrir niðrun, þegar það flyst í þriðja flokk. Hins vegar er vændiskonunni gefið jákvæðara heiti, *gleðikona*, þegar sá sem talar hlífir konunni og viðmælendum sínum við tvöföldum ljótleika óþægilegra vændiskvennaorða í fjórða flokki (*bóra, mella* o.þ.h.).

Viðleitnina til að lífga við merkingu (A) í orðinu *gleðikona*, sem var flestum gleymd, má túlka sem tilraun til að flytja orðið úr þriðja flokki aftur í fyrsta flokk. Þetta orð hefur aldrei átt heima í fjórða flokki. Það hefur til dæmis ekki talist jafnþægilegt að formi til og orðin *hommi* og *lesbía* þóttu árið 1981 þegar tilkynning Samtakanna ’78 um félagsfund fékkst ekki lesin í Ríkisútvarpinu af því að þessi tvö orð komu þar fyrir. Á þeim tíma töldust *hommi* og *lesbía* gildishlaðin slanguryrði og auk þess erlendar slettur sem samrýmdust ekki málsniði Ríkisútvarpsins.⁸⁹ Orðið *gleðikona* var alls ekki í þessari stöðu þegar Gleðikvennafélag Vallahrepps varð til og framtak félagskvenna gerólikt baráttu samkynhneigðra fyrir því að gera orðin *hommi* og *lesbía* að hlutlausum heitum.

Niðurlag

Eins og sýnt var hér að framan er saga íslenskra *gleði*-orða mun margbrotnari en hin venjulega, einfalda lýsing á gleðimanni og gleðikonu gefur í skyn. Í fyrsta lagi er ekki rétt að orðið *gleðimaður* hafi alltaf verið notað sem hrósyrdi og ekki heldur að orðið *gleðikona* hafi eingöngu verið niðrandi. Skýr dæmi eru um að orðið *gleðikona* hafi merkt ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’ og í þeim tilvikum verið hliðstætt orðinu *gleðimaður*. Í öðru lagi segja orðin *gleðimaður* og *gleðikona* ekki alla söguna af því að allmörg önnur *gleði*-orð hafa verið mynduð í íslensku. Þau hafa ýmist átt við konur eða karla eða ekki verið kynbundin og ýmist verið notuð í gleðskapar-, lauslætis- eða vændismerkingu. Í þriðja lagi er ljóst að Íslendingar hafa ekki hikað við að nota *gleði*-orð um karlmenn sem stunda vændi þótt reyndar sé ekki vitað til að orðið *gleðimaður* hafi verið notað í merkingunni

⁸⁹ Sama rit, hér einkum bls. 83–84, 102–103.

‘vændiskarl’. Allt *gleði*-orðasafnið þarf að hafa í huga þegar lagt er mat á merkingu orðanna og orðaval og afstöðu Íslendinga til karla og kvenna sem stunda skemmtanir eða vændi.

Merkingarskýringar orðabóka hafa ef til vill ýtt undir óánægju sumra kvenna með merkingarmun orðanna *gleðimaður* og *gleðikona*. Þær má nefnilega túlka þannig að orðið *gleðimaður* hafi átt við um eftirsóttta og jafnvel aðdáunarverða manngerð, karlmann sem er hrókur alls fagnaðar, en orðið *gleðikona* hafi einungis haft niðrandi merkingu sem sé afsprengi hugsunarháttar feðraveldis. Eins og fram hefur komið er þetta ekki alls kostar rétt og önnur hlið á sögu orðsins *gleðikona*, eðli skrauthvarfa, er yfirleitt ekki nefnd þegar merking orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* er borin saman.

Skrauthvörf felast í því að velja fallett eða kurteislegt orð um fyrirbæri sem mælandanum þykir ekki við hæfi að nefna sínu venjulega nafni. Þeir sem fyrstir notuðu *gleði*-orð um vændiskonu hafa valið orð sem var síður meiðandi en orð sem fyrir voru. Þetta hefur varla verið gert í niðrandi tilgangi, heldur hafa skrauthvörfin fremur verið leið til að komast hjá því að segja berum orðum hvaða starfsemi átt var við. Hins vegar er því ekki að neita að afstaða samfélagsins til skemmtana kvenna og vændis hefur valdið því að merkingarbreytingarnar frá ‘fjörug kona, kona gefin fyrir skemmtanir’ til ‘lauslætisdrós’ og ‘vændiskona’ flokkast sem niðrun og orðið *gleðikona* hefur jafnvel orðið að skammaryrði. Því kemur ekki á óvart að íslenskar konur hafi ekki viljað una því að orðið *gleðikona* hafi þróast á þennan hátt en orðið *gleðimaður* ekki.

ÚTDRÁTTUR

Gleðimenn, gleðimeyjar og Gleðikvennafélag Vallahrepps Um sögu nokkurra *gleði*-orða og endurheimt orðsins *gleðikona*

Í greininni er fjallað um sögu nafnorðanna *gleðimaður*, sem þekkt er úr íslensku máli að fornu og nýju, og *gleðikona* sem birtist fyrst í heimild frá 18. öld. Auk þess er sagt frá fleiri samsettum orðum með *gleði*- sem fyrri lið sem hafa verið notuð um karla og konur. Merking þessara orða og notkun er borin saman til þess að kanna hvort orðin um karla séu almennt hlutlausrar merkingar (‘fjörugur maður, samkvæmismaður’) en orðin um konur hafi neikvæða merkingu (‘lauslætisdrós, vændiskona’). Rætt er um eðli þeirra málbreytinga sem *gleði*-orðin hafa orðið fyrir, m.a. að hve miklu leyti lántaka úr erlendu máli hafi komið við sögu. Flokkun Lars-Gunnars Andersson á

svokölluðum „ljótleika“ orða er notuð til að skilgreina merkingarbreytingar nánar. Einnig er vikið að viðleitni íslenskra kvenna á undanfönum áratugum til að endurheimta orðið *gleðikona*, þ.e. lífga við merkinguna ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’ sem heita mátti gleymd.

Lykilorð: Mál og kyn, merkingarbreytingar, lántaka úr erlendu máli, *gleðimaður*, *gleðikona*

ABSTRACT

Gleðimenn, gleðimeyjar and Gleðikvennafélag Vallahrepps

The history of *gleði*- compounds and the reclaiming of the noun *gleðikona*

This paper discusses the history of the nouns *gleðimaður*, which is known from Old as well as Modern Icelandic, and *gleðikona* which first occurs in an 18th-century source. Other nominal compounds for men and women that have *gleði*- as their first member are also introduced. The meaning of these words is compared, as is their usage, in order to test the claim that the words for men normally have a neutral meaning (‘cheerful man, party animal’) but the words for women have a pejorative meaning (‘hussy, prostitute’). The nature of the changes in the history of the *gleði*-compounds is also discussed, e.g., to what extent borrowing from a foreign language has taken place. Lars-Gunnar Andersson’s categorization of the so-called “ugliness” of words is used for a more detailed definition of the semantic changes. Finally, we touch on the wish to reclaim the word *gleðikona* that has been observed in the last decades, i.e., to revive the practically forgotten meaning ‘cheerful woman, female party animal’.

Keywords: Language and gender, semantic change, linguistic borrowing, *gleðimaður*, *gleðikona*

GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR

Dósent í íslenskri málfræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Árnagarði við Suðurgötu

IS-101 Reykjavík, Ísland

gth@hi.is